



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 139/429
komudagur 26. 11. 2010

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. nóvember 2010 02-2010110720

T-ums 76/10

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum -200 mál, þskj. 217.

Ríkisskattstjóri hefur þann 22. nóvember 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsög um ofangreint þingmál.

Frumvarpið hefur að geyma breytingar á ýmsum lögum sem varða tekjuöflun ríkisins í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2011. Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að skipta megi breytingunum í þrjá meginflokkka, sérstakar tekjuöflunaraðgerðir, hækkanir á krónutölusköttum í takt við verðlagsforsendur frumvarpsins og hækkanir á ýmsum gjaldskráum hjá stofnunum ríkisins.

Ríkisskattstjóri telur ástæðu til að gera athugasemdir við eftirfarandi greinar frumvarpsins:

3. gr. Frumvarpið gerir ráð fyrir að til vaxtagjalda sem mynda stofn til vaxtabóta teljist framvegis einungis greiddir vextir og verðbætur á afborganir og vexti í stað gjaldfallinna vaxta, þótt ógreiddir væru. Gert er ráð fyrir að ákvæðið taki þegar gildi og komi þegar til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta og álagningu gjalda á árinu 2011 vegna tekjuársins 2010. Ríkisskattstjóri vekur athygli á að þó svo að breytingin láti ekki mikið yfir sér þá er óhjákvæmilegt að hún hafi í för með sér aukið flækjustig í álagningu opinberra gjalda þegar í næstu álagningu og síðari ára. Í því sambandi má nefna að einhverjir hafa nú þegar fengið greiddar vaxtabætur vegna gjaldfallinna en ógreiddra vaxta og verðbóta. Skuldir og vaxtagjöld hafa undanfarin ár verið árituð á skattframtöl í samræmi við forskrift ríkisskattstjóra og í samvinnu við u.þ.b. 50 lánveitendur og þeirra hugbúnaðarhús. Hætt er við að óhægt kunni að reynast í þessari framkvæmd að greina þegar í stað á milli vaxta, sem í raun eru greiddir á árinu 2010 eða síðar og þess hluta þeirra sömu gjaldföllnu vaxta, sem áður mynduðu stofn til vaxtabóta.


B-liður 6. gr. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæði til bráðabirgða XXXIII við lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, en það ákvæði fjallar um álagningu auðlegðarskatts. Umrætt bráðabirgðaákvæði var lögfest með lögum nr. 128/2009. Með umsögn sinni til efnahags- og skattanefndar Alþingis dags. 9. desember 2009 kom ríkisskattstjóri á framfæri athugasemdum vegna þeirra ákvæða í frumvarpinu sem fjölluðu um auðlegðarskatt. Ríkisskattstjóri leyfir sér að áréttta það sem þar segir.

C-liður 6. gr. Í frumvarpinu er lagt til að endurreikningur lána í kjölfar dóms Hæstaréttar um ógildi gengistryggingar skuli ekki teljast til fjármagnstekna þótt ákvarðaðar séu vaxtatekjur á ofgreiddar innborganir á einhverjum tímabilum. Þá er einnig lagt til að ekki komi til endurákvörðunar á barnabótum og vaxtabótum af þessum sökum. Skattaðili geti þó ávallt óskað eftir endurreikningi. Ríkisskattstjóri bendir á að ekki er alveg ljóst af orðalagi ákvæðisins hvort það eigi eingöngu að taka til manna utan rekstrar eða allra skattaðila, þ.e. manna og rekstraraðila. En hjá rekstraraðilum hefur fjármagnskostnaður eftir atvikum komið til frádráttar skattskyldum tekjum. Í þessu samhengi leyfir ríkisskattstjóri sér að benda á ákvæði 8. mgr. a-liðar 1. gr. laga nr. 104/2010, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum sem bættu við ákvæði til bráðabirgða XXXVI við lög. Í því ákvæði kemur fram að sé skilmálum í samningi um lán sem tengjast rekstri lögaðila og sjálfstætt starfandi manna breytt með þeim hætti að endurgreiðsla miðist við íslenskar krónur í stað erlends gjaldmiðils teljist það vera skilmálabreyting láns en ekki eftirgjöf skuldar í skilningi laganna, þótt uppreiknaður höfuðstóll sé leiðréttur til lækkunar, enda sé breytingin gerð á málefnalegum forsendum og lánskjörum breytt í kjör sem eru almennt í boði við sambærilegar aðstæður. Sama á við ef breyting er gerð á viðmiðunarvísitölu verðtryggðra lána, eða hluti af uppreikningi höfuðstóls verðtryggðra lána er felldur niður. Ennfremur kemur fram að séu gerðar breytingar á uppreiknuðum eftirstöðvum lána, sbr. 1. og 2. málsl., ber rekstraraðila að leiðrétta áður gjaldfærðan fjármagnskostnað til samræmis. Í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er ekki gert ráð fyrir að breytingar verði gerðar á bráðabirgðaákvæði XXXVI með lögum nr. 90/2003. Ríkisskattstjóri telur því að ef vilji löggjafans standi til þess að sú sérregla sem lögð er til í c-lið 6. gr. frumvarpsins eigi eingöngu við um menn utan atvinnurekstrar þurfi að taka af allan vafa um það. Að öðrum kosti er nauðsynlegt að gera breytingar á bráðabirgðaákvæði XXXVI.

Vikur þá að efni þeirrar sérreglu sem lögð er til að verði lögfest með c-lið 6. gr. frumvarpsins. Ástæða er til að vekja athygli á að, þrátt fyrir að með þessu ákvæði sé fyrst og fremst verið að undanþiggja umræddar vaxtatekjur af ofgreiðslum frá fjármagnstekjuskatti, þá er jafnframt annars vegar verið að mæla fyrir um að áður tilfærðir gjaldfallnir vextir til ákvörðunar vaxtabóta standi og hins vegar að breytingar á höfuðstól, sem leiðir af endurreikningi hafi á sama hátt engin áhrif, hvort heldur til skerðingar eða aukningar vaxtabóta. Ummæli í greinargerð virðast fremur afmarkast við að móttæknir vextir, þ.e. vaxtatekjur hafi ekki skattaleg áhrif s.s. er um barnabætur og vaxtabætur, en að endurreikningurinn sem slíkur á höfuðstól hafi engin áhrif á þegar ákvarðaðar vaxtabætur. Æskilegt er að kveðið verði nánar á um áhrif þessa í nefndarálit. Ríkisskattstjóri telur það ennfremur umhugsunarvert að málum verði skipað á þennan veg þar sem hætt sé við að jafnræði gjaldenda raskist.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Guðrún J. Jónsdóttir